

Stofnanasamningur milli

Landmælinga Íslands og Félags íslenskra náttúrufræðinga skv. ákvæðum 11. greinar kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra dags. 26. júlí 2001 og samkomulagi um breytingar á kjarasamningnum dags. 18. mars 2005.

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til þeirra félagsmanna í Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) sem ráðnir eru til starfa hjá Landmælingum Íslands (LMÍ). Stofnanasamningurinn er hluti kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra, dags. 26 júlí 2001, sbr. 11 kafli hans og samkomulagi um breytingar á kjarasamningnum milli sömu aðila dags. 18. mars 2005.

2. Markmið

Aðilar eru sammála um að stefna beri að því að launakerfið uppfylli gagnkvæmar þarfir og væntingar stofnunarinnar og starfsfólks og hafa í því skyni sett sér eftirfarandi markmið:

- að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- að komið verði í veg fyrir launamun sem rekja má til kynferðis, þ.e. að greidd verði sambærileg laun fyrir sambærileg störf.
- að launakerfið gefi kost á að frammistaða og hæfni einstaklinga í starfi sé metin og feli í sér tækifæri fyrir starfsfólk til framgangs í starfi.
- að launakerfið nýtist sem eitt þeirra stjórnækja til að ná fram markmiðum stofnunarinnar

3. Grunnröðun í launaflokka

Við röðun starfs í nýtt launakerfi skal miðað við viðvarandi/stöðugt verksvið. Tekið skal tillit til eðlis starfsins og starfi raðað í samræmi við það, þ.e. starfsheiti raðað í launaflokk í samræmi við umfang og ábyrgð verkefna skv. hlutlægum mælikvörðum. Grunnröðun starfsheitis í launaflokk er lágmarksröðun.

Félagar í FÍN geta raðast í eftirfarandi 5 starfsheiti:

Sérfræðingur 1	Starfsmaður sem starfar að afmörkuðum verkefnum undir stjórn verkefnisstjóra eða forstöðumanns, vinnur við undirbúning, öflun landupplýsinga og úrvinnslu þeirra í viðeigandi hugbúnaði, eða sér um skönnun og filmuvinnslu stofnunarinnar.
Sérfræðingur 2	Starfsmaður með 15 mánaða starfsreynslu og/eða sérhæfða menntun á sviði kortagerðar, landupplýsingakerfa, landmælinga og/eða fjarkönnunar eða sambærilega starfsreynslu. Hann ber faglega ábyrgð vegna vinnu við eitt eða fleiri verkefni og starfar við gagnaöflun og úrvinnslu.
Sérfræðingur 3	Starfsmaður með tveggja ára starfsreynslu sem sérfræðingur 2 og/eða sérhæfða menntun á sviði kortagerðar, landupplýsingakerfa, landmælinga, fjarkönnunar eða sambærilega starfsreynslu. Starfsmaður með verkefnisstjórn, sem stjórnar og ber faglega ábyrgð á einu eða fleiri verkefnum. Hann er tengiliður við stofnanir eða fyrirtæki í þeim verkefnum sem viðkomandi stýrir. Hann aðstoðar forstöðumann við áætlunargerð, skorkort og annað sem til fellur. Hann getur verið staðgengill forstöðumanns.

Yfirmaður málaflokks	Ber faglega og fjárhagslega ábyrgð gagnvart forstjóra á starfssemi og framgangi málaflokksins. Hann sér um að miðla nauðsynlegum upplýsingum og ákvörðunum til forstjóra, forstöðumanna og allra annarra starfsmanna. Yfirmaður málaflokks skal sjá til þess að verkefni sem ákveðið er að vinna megi með sem bestum og hagkvæmustum hætti ná fram að ganga. Hann sér um áætlanagerð fyrir verkefni málaflokksins, hefur mannaforráð og kemur fram fyrir hönd stofnunarinnar á sínu verksviði þegar þess gerist þörf.
Forstöðumaður	Ber ábyrgð og hefur yfirumsjón með fagsviði stofnunarinnar þ.m.t. allri stjórnun og áætlanagerð á þeim verkefnum. Forstöðumaður ber ábyrgð á að unnið sé samkvæmt samþykktum tíma- og verkáætlunum. Hann hefur yfirumsjón með samskiptum við innlenda og erlenda samstarfsaðila. Forstöðumaður getur verið staðgengill forstjóra.

Störf skulu grunnraðast í eftirfarandi launaflokka

Sérfræðingur 1	6
Sérfræðingur 2	8-9*
Sérfræðingur 3	11
Yfirmaður málaflokks	10-11**
Forstöðumaður	18

Frá og með 1. maí 2007 hækka öll starfsheiti um 1 launaflokk. skv. 3. grein samkomulags um breytingar á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags íslenskra náttúrufræðinga dags. 18. mars 2005.

*Sérfræðingur 2 grunnraðast í launaflokk 9 þegar um er að ræða mikla sérhæfingu og langa starfsreynslu (7 ár)

**Yfirmaður málaflokks með mannaforráð / fjárhagslega ábyrgð grunnraðast í launaflokk 11

4. Viðbótarforsendur til launaflokka

Til viðbótar við grunnröðun koma til starfs- og persónubundnir þættir sem ráðast af hæfni þeirra einstaklinga sem gegna starfinu hverju sinni.

Ákvörðun sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun (sjá lið 4.1 til 4.4) og með hvaða hætti skal hafa fordæmi (ígildi vísireglu) gagnvart öðrum starfsmönnum svo tryggt sé að þeir njóti jafnræðis.

Starfsmaður getur ráðast hærra með hliðsjón af þeim þáttum sem tilteknir eru hér á eftir.

4.1 Starfsreynsla

Starfsmaður sem hefur öðlast starfsreynslu hjá stofnuninni skal hækka um launaprep/launaflokka sem hér segir:

- Starfsmaður sem hefur 1 árs starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk.
- Starfsmaður sem hefur 3ja ára starfsreynslu skal hækka um 2 launaflokka.
- Starfsmaður með 5 ára starfsreynslu skal hækka um 2 launaflokka.

Jafnframt skal meta starfsreynslu hjá öðrum en LMÍ ef hún nýtist í starfi hjá stofnuninni.

4.2 Viðurkennd námskeið, endurmenntun og greinaskrif

Sí- og endurmenntun, ásamt greinaskrifum, greinargerðum og skýrslugerðum sem nýtist í starfi að mati forstjóra (áður en til menntunar eða greinaskrifa kemur) er metin til allt að 3ja launaflokka. Í einum launaflokki eru 15 einingar og miðast þær við eftirfarandi:

- Námskeið, haldin af Endurmenntunarstofnun HÍ eða öðrum viðurkenndum aðilum, vegur minnst ½ einingu og mest 5 einingar.
- Átta námskeiðsstundir gefa 1 einingu.
- Þátttaka í fagráðstefnum gefur 1-3 einingar, mest ef starfsmaður er sjálfur fyrirlesari.
- Greinaskrif, greinargerðir vegna ráðstefna og funda ásamt skýrslugerðum gefa minnst ½ og mest 5 einingar.

Greinar um efni á starfssviði stofnunarinnar sem birtar voru á tímabilinu 2001-2006 (þ.e. fram til dags. þessa stofnanarsamnings) skulu metnar samkvæmt framangreindu punktakerfi. Sama gildir um viðurkennd námskeið sem sótt voru á framangreindu tímabili. Þetta ákvæði er óháð því hvort starfsmaður var við störf hjá LMÍ á tímabilinu eða á öðrum vinnustað hjá ríkinu.

Nánari skýringar varðandi ferli og mat er að finna í viðauka 1.

4.3 Viðbótarmenntun (leggst ekki saman)

- Fyrir viðurkennt B.S. honorpróf á háskólastigi sem nýtist í starfi bætist við 1 launaflokkur
- Fyrir viðurkennt meistarapróf á háskólastigi sem nýtist í starfi bætist við 2 launaflokkur
- Fyrir viðurkennt doktorspróf á háskólastigi sem nýtist í starfi bætast við 3 launaflokkar

4.4 Annað

Heimilt er að hækka starfsmann um allt að 15 launaflokka ef viðkomandi og/eða starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
- starfsmaður sýnir sérstaka hæfni til samskipta og samvinnu
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi

Nánari skýringu er að finna í Viðauka 2.

Stofnunin skal halda til haga skriflegum forsendum sem liggja að baki hækkunum samkvæmt þessum lið. Stofnunin skal leggja þær fram í samstarfsnefnd ef nefndin fer fram á það.

Mat samkvæmt þessari grein verður gert a.m.k. árlega í kjölfar starfsmannasamtala. Þannig verður leitast við að tryggja að jafnræðis verði gætt og ákvörðun sé byggð á málefnalegum rökum. Trúnaðarmaður hefur aðgang að þessu mati og getur gert athugasemdir.

5. Ferðir milli höfuðborgarsvæðisins og Akraness

Landmælingar Íslands standa straum af kostnaði svo og vinnutíma við flutning starfsmanna sem búa á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík og nágrennasveitarfélög) til og frá vinnu skv. gr. 5.4.1 í kjarasamningi FÍN og fjármálaráðherra fh. ríkissjóðs dags. 26. júlí 2001. Mörk næsta aðalíbúasvæðis sem miðað er við er Mosfellsbær (Leirvogsa)

6. Vinnutími

Starfsmenn Landmælinga Íslands hafa möguleika á að nýta sér kosti þess að hafa sveigjanlegan vinnutíma. Nánari reglur eru gefnar út af forstjóra Landmælinga Íslands á hverjum tíma sbr. þó 13. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna. ríkisins.

7. Starfsmannasamtöl

Einu sinni á ári í febrúar/mars skulu fara fram starfsmannasamtöl og skal starfsmannastjóri annast framkvæmd þeirra.

8. Greiðsla vegna líkamsræktar

Greiddar eru árlega 22.500 kr. eða sem nemur 1.875 kr. á mánuði til að standa straum af líkamsrækt skv. starfsmannastefnu Landmælinga Íslands. Ef starfað er hluta árs er greidd hlutfallslega lægri fjárhæð.

9. Endurskoðun


Endurskoða skal stofnanasamning þennan samkvæmt 11. grein samkomulags um breytingar á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags íslenskra náttúrufræðinga dags. 18. mars 2005.

10. Gildistími samnings


Stofnanasamningur þessi gildir frá og með 1. maí 2006


Akranesi, 28. apríl, 2006.


Fh. Landmælinga Íslands



Magnús Guðmundsson
forstjóri Landmælinga Íslands


Fh. félags íslenskra náttúrufræðinga



Jóhann Helgason
trúnaðaramaður FÍN hjá LMÍ


Steinunn Elva Gunnarsdóttir
fulltrúi í samstarfsnefnd


Ólafur Eggertsson
FÍN


Þrúður G. Haraldsdóttir
FÍN


Jensína Valdimarsdóttir
starfsmannastjóri


Jóhanna Hallsdóttir
fjármálastjóri

Bókun 1

með stofnanasamningi FÍN og LMÍ dags 28. apríl 2006

Samkvæmt fylgiskjali 2 með stofnanasamningi FÍN og Landmælinga Íslands dag. 28.05 2002 áttu 20 óunnir yfirvinnutímar að færast inn í grunnröðun starfsheitisins forstöðumaður á samningstímabilinu sem svarar til 1 launaflokks á ári. Það er skilningur samningsaðila að með grunnröðun forstöðumanns í launaflokk 18 (að frádreginni menntum allt að 3 lfl. vegna doktorsprófs) í nýrri launatöflu sé markmiðum bókunarinnar náð og því falli áður nefndir óunnir yfirvinnutímar niður frá og með 1. maí 2006. Komið verður til móts við þann starfsmann sem nú er á starfslokasamningi og 1 launaflokki bætt við lokaröðun hans.

VIÐAUKI 1

FREKARI SKÝRING Á LIÐ 4.2

- Áður en námskeið er sótt hefur starfsmaður samráð við yfirmann og fær staðfestingu á því að námskeiðið nýtist í starfi.
- Þegar námskeiði er lokið skilar starfsmaður staðfestingu á námskeiði og fjölda kennslustunda til starfsmannastjóra.
- Starfsmannastjóri sér um að skrá námskeiðin og fjölda námskeiðsstunda í excelskjál og fylgjast með þegar umsömdum kennslustundum er náð.

Punktakerfi fyrir námskeið, ráðstefnur og greinaskrif.

15 einingar = 1 launaflokkur

Námskeið.

Átta námskeiðsstundir gefa 1 einingu. Hámarks vægi eins námskeiðs er 5 einingar, lágmark er 1/2 eining.

Þátttaka á fagráðstefnum og fagfundum.

- 1 eining:** Fyrir fagfund eða fagráðstefnu sé fullnægjandi ráðstefnu/fundarfrásögn skilað inn.
- 2 einingar:** Fyrir grein í ráðstefnuriti eða veggspjald á ráðstefnu.
- 3 einingar:** Fyrir fyrirlestur á fagráðstefnu.

Greinaskrif

1/2 eining: Fyrir stuttar innlendar greinar s.s. í umræðu Morgunblaðsins.

1 eining: Fyrir grein á stærð við hálf síðugrein í Morgunblaðinu.

2 einingar: Fyrir heilsíðugrein eða stærri s.s. í Morgunblaðinu.

3 einingar: Fyrir grein í innlent (ritrýnt) fagrit s.s. Jökul og Náttúrufræðinginn.

5 einingar: Fyrir grein í erlent (ritrýnt) fagrit s.s. Journal of Geodesy.

VIÐAUKI 2

FREKARI SKÝRING Á LIÐ 4.4

- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
 - Hér er átt við ábyrgð sem er umfram það sem fram kemur í starfsheitalýsingu, svo sem meðhöndlun fjármuna, innkaup í miklum mæli stýringu stórra verkefna
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
 - Hér er átt við að vinnuálag sé meira en með sanngirni má ætla að starfsmaður ráði við á umsömdum vinnutíma sínum
- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
 - Hér er átt við að starfsmaður ljúki verkefnum á tíma og þau séu þannig unnin að yfirmaður hafi litlu við þau að bæta
- starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
 - Hér er átt við að starfsmaður komi þannig fram að hann örvi samstarfsmenn til verka og leyti lausna
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi
 - Hér er átt við að starfsmenn hafi frumkvæði að verkefnaöflun, gangi til verka án þess að bíða eftir fyrirmælum eða leiti jafnvel nýrra leiða varðandi úrvinnslu verkefna.